# Fjármálastöðugleiki 2008

Kynning fyrir fréttamenn og bankana

8. maí 2008

Alþingi
Erindi nr. Þ 136/317
komudagur 4.12.2008

# Efnisyfirlit *Fjármálastöðugleika* 2008

- Álit Seðlabanka Íslands
- Viðfangsefni, framsetning og samhengi
- Þjóðhagslegt umhverfi og fjármálamarkaðir
- Fjármálafyrirtæki
- Greiðslu- og uppgjörskerfi
- Viðaukar:
  - Útlánaáhætta og mat á viðnámsþrótti
  - Skuldatryggingar og verðlagning þeirra
  - Lausafjárreglur og -stýring
  - Uppgjör í erlendum gjaldmiðli

# Álit Seðlabanka Íslands

## Ríkjandi aðstæður reyna á viðnámsþrótt bankanna

- Niðurstaða greiningar Seðlabankans frá því í fyrra um að fjármálakerfið væri í meginatriðum traust er óbreytt
  - Óvænt atburðarrás á alþjóðlegum fjármálamarkaði
  - Áhættusækni vék fyrir áhættufælni og óvissa birtist m.a í lausafjárþrenginum og áhyggjum af efnahagshorfum
- Seðlabankinn gerði ekki ráð fyrir svo skörpum veðrabrigðum, en varaði þó við hættum sem framundan kynnu að vera:
  - „...skilyrði á alþjóðlegum fjármálamörkuðum geta breyst skyndilega til hins verra.“
  - „Tími lausafjárgnóttar og lágra vaxta sem er óskaumhverfi áhættusækinna fjárfesta kann að breytast fyrr en varir.“
  - „Ein helsta hættan sem steðjar að íslenskum þjóðarbúskap um þessar mundir er hröð og óvænt hækkun á erlendum vöxtum og vaxtaálögum.“

# Helstu áhættuþættir

| | |
|---|---|
| Gjaldeyrismarkaður | Viðskiptahallinn og hugsanlegur breytingar í vaxtamunarviðskiptum fela enn í sér hættu á auknu flökti og gengislækkun umfram það sem þegar er orðið. Gjaldeyrismarkaður, bæði stundar- og skiptamarkaður, er háður þremur viðskiptavökum og er fremur grunnur. Bankarnir eru sjálfir vel varðir fyrir lækkun gengis en hluti lánþega þeirra er lítt eða ekki varinn fyrir sveiflum í gengi. |
| Fjármagnsaðgengi | Vegna markaðsfjármögnunar og óbundinna innlána skiptir lánshæfi bankanna miklu sem og aðstæður á alþjóðlegum mörkuðum. Bankarnir hafa brugðist við breyttum aðstæðum en því þarf að fylgja eftir. Aðgengi að fjármagni er takmarkaðra en áður og lánshæfismat hefur lækkað. |
| Fjármagnskostnaður | Veruleg hækkun áhættuálags dregur úr hagvexti og eykur viðskiptahalla. Hærri fjármagnskostnaður fjármálafyrirtækja skerðir samkeppnisstöðu þeirra og þyngir greiðslubyrði viðskiptamanna. |
| Gæði eigna bankanna | Verð hlutabréfa og fasteigna hefur lækkað. Gera má ráð fyrir vaxandi afskriftum útlána og annarra eigna. Vanskil og virðisrýrnun voru í lágmarki í lok síðasta árs en aukast óhjákvæmilega á næstu misserum. |

# Viðnámsþróttur

| | |
|---|---|
| Efnahagslífið | Efnahagslífið er sveigjanlegt og hefur áður sýnt að það getur tekist á við sveiflur með snarpri aðlögun í einkaneyslu og innflutningi. Fjárfestingar og hagvöxtur hafa verið með mesta móti. Efnahagshorfur eru góðar til lengri tíma litið. |
| Staða bankanna | Eiginfjárhlutföll bankanna eru viðunandi, afkoma þeirra úr fjölbreyttum rekstri er góð og eignir eru dreifðar. Lausafjárstaða bankanna hefur verið góð en á hana reynir í ár. |
| Opinber umgjörð, eftirlit og greiðslukerfi | Umgjörð EES-samningsins gildir sem og viðmið við alþjóðlega staðla um bestu framkvæmd og gegnsæi. Eftirlit með fjármálastarfsemi hefur verið eflt og víðtækt samstarf er við nágrannalönd. Greiðslukerfin uppfylla alþjóðlega viðurkennda staðla. |
| Staða ríkissjóðs | Staða ríkissjóðs er sterk og afgangur hefur verið á fjárlögum. Hreinar skuldir hans við útlönd að meðtöldum gjaldeyrisforða eru engar. |

# Greining á fjármálastöðugleika 2000-2008

| | | | |
|---|---|---|---|
| **2000** | feb. | ► | Jákvætt álit en viðvaranir |
| | nóv. | ▼ | Ójafnvægi hefur vaxið |
| **2001** | maí | ▼ | Áhætta meiri og minni geta |
| | nóv. | ▼ | Verri aðstæður en brugðist við |
| **2002** | maí | ▲ | Jákvæður viðsnúningur |
| | nóv. | ▲ | Staðan styrkist en eftirköst |
| **2003** | maí | ▲ | Bati og staðan vel viðunandi |
| | nóv. | ► | Viðunandi en hefur ekki styrkst |
| **2004** | mars | ► | Viðunandi en áhyggjur af útlánum, erlendum skuldum og eignaverði |
| | sept. | ► | Viðunandi en vaxandi óvissa |
| **2005** | apríl | ► | Ójafnvægi en í meginatriðum traust |
| **2006** | maí | ▼ | Vandasöm sigling framundan |
| **2007** | apríl | ► | Viðnámsþróttur bankanna hefur styrkst |
| **2008** | maí | ▼ | Ríkjandi aðstæður reyna á viðnámsþrótt bankanna |